

Ársskýrsla 2023 – Íþróttafélagið Freyja

Aðalfundur félagsins: 05.03.2023.

Í stjórn sátu:

Anna Guðný Guðmundsdóttir, formaður
Steinþór Guðjónsson, varaformaður
Guðmundur Örn Guðjónsson, meðstjórnandi

Lítill starfsemi var í félaginu 2023, en komnir eru nokkrir áhugasamir aðilar sem vilja vinna að uppbyggingu félagsins og afrakstur þess mun vafalaust sjást á árinu 2024. En engar formlegar æfingar eða námskeið voru haldin undir merkjum Freyju og því engin innkoma og engin gjöld.

Virkir iðkendur eru í félaginu sem æfa á eigin spýtur í t.d. Bogfimisetrinu og keppa af og til á mótum fyrir hönd félagsins í bogfimiíþróttum. En engin þeirra hafði lýst yfir áhuga á því að sitja í stjórn félagsins eða vinna að uppbyggingu þess, en það batnaði 2023. Bogfimi er einstaklings íþrótt þar sem engin þörf er á andstæðingi (eins og t.d. í tennis) og engin þörf á samstarfi við aðra félagsmenn (s.s. fótboldi) til að stunda íþróttina. Bogfimi er hægt að stunda á ýmsum svæðum utan íþróttafélaga og því ekki þörf á að taka þátt í skipulagðri starfsemi íþróttafélags til að æfa og keppa í bogfimi. Það er ein af ástæðum þess að félagið er í þessari óvenjulegu stöðu að vera nánast stjórnlaust og starfsemi félagsins að mestu óvirk en þrátt fyrir það með virka iðkendur og félagsmenn í íþróttinni.

Byrjað var að vinna að endurreisn félagsins í virkt félagsstarf á árinu, skipuleggja æfingar og annað sem áætlað er að hefjist formlega 2024. Einnig er þó nokkur fjöldi keppenda sem keppti á Íslandsmeistaramótinu innandyra undir fána Freyju og tók þar þó nokkur verðlaun. Verið er að halda æfingar fyrir félagsmenn og iðkendur á miðvikudögum í Bogfimisetrinu, en það er unnið í samstarfi við önnur félög og Bogfimisetrið. Innspýting nokkurra áhugasamra iðkenda er að skila sér.